

Pegasus ehf  
Sóltúni 24  
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2021  
UST202109-109/Þ.V.B.  
09.08.02

### **Umsókn um leyfi - akstur utan vega - Hjörleifshöfði**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Pegasus ehf, dagsett 10. september 2021, um leyfi til aksturs utan vega við Hjörleifshöfða.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til að keyra um 800 metra leið milli Lásadrangs og Arnardrangs til að ferja þungan kvikmyndbúnað og starfsfólk að tókustað. Kort sem sýnir leiðinni fylgdi með umsókn. Leiðin sem verður keyrð yrði merkt með stikum, borðum og keilum. Um er að ræða 10 fjórhjóladrifna jeppa og 14 manna sprintera. Leiðin verður slóðadregin að tókum loknum til að minnka umhverfisáhrif. Tökur færu fram 15. september 2021.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa tímabundin neikvæð á áhrif á ásynd lands og upplifun annara gesta. Með því að farið sé eftir skilyrðum leyfis telur stofnunin að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum akstursins.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir Pegasus ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega við Hjörleifshöfða sbr. lýsingu hér að ofan þann 15. september 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.

- Einungis skal aka bifreiðunum að skildgreindum tökustað. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum. Takmarka skal fjölda ferða eftir því sem hægt er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Forðast skal óþarfa rask og skal takmarka vegalengdina sem keyrð yrði eins og hægt yrði.
- Óheimilt er að keyra yfir gróið land.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki akstursins.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfdóttir  
sviðsstjóri

René Biasone  
sérfræðingur